



Reglur Sveitarfélagsins Skagafjarðar um launalaus leyfi.

Umsókn um launalaust leyfi, studd fullnægjandi gögnum með umsögn yfirmanns, skal senda til viðkomandi sviðsstjóra og sveitarstjóra til umfjöllunar. Eftirfarandi viðmiðunarreglur skulu hafðar að leiðarljósi.

1.gr.

Starfsmaður hafi unnið hjá Sveitarfélaginu í a.m.k. 5 ár til að geta sótt um launalaust leyfi.

2.gr

Leyfið sé ekki veitt til lengri tíma en 12 mánaða. Sama starfsmanni sé ekki veitt endurtekið leyfi nema liðin séu minnst þrjú ár frá því að það var síðast veitt.

3.gr

Einungis sé veitt launalaust leyfi, þegar til þess liggja ríkar ástæður sem starfsmanni ber að tilgreina. Þær ástæður, sem helst koma til álitu, eru framlenging á fæðingarorlofi, leyfi til náms sem nýtist í starfi, sérstakar fjölskylduástæður og aðrar ástæður sem til þessara má jafna. Ef starfsmaður hyggst ráða sig í aðra vinnu til lengri tíma en þriggja mánaða skal að jafnaði ekki veita launalaust leyfi. Launalaust leyfi getur þó í undantekningartilfellum verið veitt til eins árs að hámarki ef starfsmaður hyggst ráða sig í starf sem augsjáanlega mun koma viðkomandi til góða í núverandi starfi.

4.gr

Ef óhjákvæmilega reynist að ráða starfsmann í stað þess sem veitt er launalaust leyfi, skal skriflega frá því gengið við ráðningu að hún sé til ákveðins tíma og sé slitið án uppsagnar.

5.gr

Feli umsókn um launalaust leyfi í sér frávik frá verklagsreglum þessum skal leggja hana fyrir sveitarstjórn til endanlegrar afgreiðslu.

6.gr

Reglur þessar rýra ekki áunninn eða umsaminn rétt starfsmanna sem þeir eiga á grundvelli kjarasamninga.

Umsóknin og meðfylgjandi eyðublöð skulu vistuð í starfsmannahaldi.